

# Afbrotatölfræði

## Nóvember 2008

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Í síðastliðnum nóvembermánuði var tilkynnt um 1.379 hegningarlagabrot. Brotin voru færri í nóvember 2004-2007. Brotin voru rétt tæplega 3.700 í nóvember en tæplega 5.600 sama mánuð í fyrra. Fíkniefnabrot voru 133 talsins sem er sami fjöldi og í fyrra.


Þjófnaðarbrotum hefur farið fjölgandi á árinu eins og sjá má á mynd 2. Þau voru um 200 talsins í janúar en komin upp í tæplega 500 slík brot í október og nóvember. Einnig hefur orðið fjölgun á innbrotum á árinu en tilkynnt var um tæplega 300 brot í október og nóvember. Tilkynnt var um 12 til 23 brot á mánuði vegna fjársvika, en flest voru tilkynnt í nóvember.

Eins og sjá má á töflu 1 voru hraðakstursbrot 33% færri en í nóvember í fyrra. Tilkynnt var um 472 þjófnaði og 288 innbrot sem er mun fleiri brot en síðustu tvö ár. Eignaspjöll voru einnig um 25% fleiri en síðustu tvö ár. Ölvunaraksturs- (155) og fíkniefnabrot (133) voru jafnmörg og í fyrra. Þá voru áfengislagabrot, líkamsmeiðingar, akstur gegn rauðu ljósi og nytjastuldur færri nú en í nóvember 2007 og 2006.

Undir verkefnaflokkinn „heimilisófriður“ falla öll tilvik þar sem um er að ræða ágreining eða ofbeldi á milli skyldra og tengdra. Fjöldi verkefna lögreglu vegna heimilisófriðs, hvort sem er vegna ágreinings eða ofbeldis, voru 1.218 fyrstu 11 mánuði ársins 2008 en 1.251 yfir sama tímabil árið 2007. Eins og sjá má á mynd 3 voru flest tilvik tilkynnt í apríl á árinu 2007, en flest í nóvember árið 2008.




Mynd 1. Fjöldi brota í nóvember 2004-2008 eftir tegund brots.



Mynd 2. Fjöldi nokkura auðgunarbrota fyrstu ellefu mánuði ársins 2008.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í nóvember 2006, 2007 og 2008.

	Nóv.08	Nóv.07	Nóv.06
Hraðakstursbrot	2608	3917	1477
Þjófnaðarbrot	472	254	280
Eignaspjöll	278	224	221
Innbrot	288	167	195
Ölvun við akstur	155	155	161
Fíkniefnabrot	133	133	145
Áfengislagabrot	55	86	130
Líkamsmeiðingar (217 og 218)	105	111	108
Akstur gegn rauðu ljósi	45	82	142
Nytjastuldur	39	55	64



Mynd 3. Fjöldi verkefna lögreglu vegna heimilisófriðs fyrstu 11 mánuðina 2007 og 2008.

# Afbrotatölfræði

## Nóvember 2008

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í nóvember 2006, 2007 og 2008 eftir umdæmum.

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot			Fíkniefnabrot		
	2008	2007	2006	2008	2007	2006	2008	2007	2006
Akranes	23	13	22	55	257	140	2	3	1
Akureyri	67	64	34	64	142	116	18	6	3
Blönduós	1	1	1	33	77	169	0	0	0
Borgarnes	18	21	5	74	1537	199	0	4	3
Eskifjörður	13	13	13	44	46	54	0	0	1
Húsavík	4	4	7	20	27	8	3	0	0
Hvolsvöllur	3	6	1	67	111	61	0	0	0
Höfuðborgarsvæðið	1037	777	857	2758	2380	1679	68	97	113
Sauðárkrókur	3	1	6	8	82	13	2	1	0
Selfoss	67	54	40	90	151	274	8	5	7
Seyðisfjörður	8	6	12	12	94	61	1	0	1
Snæfellsnes	1	4	5	26	179	22	0	0	0
Suðurnes	106	67	66	390	395	295	18	15	9
Vestfirðir	14	12	6	28	96	37	2	1	2
Vestmannaeyjar	14	7	3	6	5	19	11	1	5
Alls	1379	1050	1078	3675	5579	3147	133	133	145

\*Af 2.758 umferðarlagabrotum á höfuðborgarsvæðinu (þ.m.t. Hvalfjarðargöng) voru 1.245 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

\*Af 390 umferðarlagabrotum á Suðurnesjum voru 292 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

Í töflu 2 má sjá heildarfjölda hegningarlagabrota, umferðarlagabrota og fíkniefnabrota í nóvember 2006-2008 eftir umdæmum.

Flest hegningarlagabrot voru tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (1.037 brot) en næstflest til lögreglunnar á Suðurnesjum (106 brot). Fæst slík brot voru hins vegar tilkynnt til lögreglunnar á Blönduósi og á Snæfellsnesi (eitt brot).

Umferðarlagabrot voru færri en síðustu tvö árin á undan í níu embættum af 15. Flest voru skráð á höfuðborgarsvæðinu (2.758 brot) en fæst í Vestmannaeyjum (6 brot).

Fíkniefnabrot voru fleiri í nóvember síðastliðnum en síðustu tvö ár á Akureyri, Húsavík, Sauðárkróki, Selfossi, Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum. Ekkert fíkniefnabrot var hins vegar skráð í fimm embættanna.

### Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 13. desember 2008 og eru tölur fyrir árið 2008 bráðabirgðatölur.

Hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla eru nú skráð undir embættin þar sem brotin eiga sér stað, jafnvel þó skráning málanna fari fram á Snæfellsnesi. Er það breyting frá mánaðarskýrslum í júlí til desember 2007 þegar brotin voru skráð undir lögregluembættið á Snæfellsnesi.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.